

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 6. maí 2023

Talsverð umskipti urðu í skólanefnd BÍL á liðnu starfsári. Fram að skóla 2022 sátu í skólanefnd Hrefna Friðriksdóttir, formaður, Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Þessi hópur fundaði reglulega og skipulagði skólann 2022 og sem starfandi formaður þakka ég þeim vel unnin störf. Eftir að skólanum lauk í fyrrasumar urðu mannbreytingar og skólanefnd skipa nú F. Elli Hafliðason formaður, Jónheiður Ísleifsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir. Það kom í hlut þessarar skólanefndar að skipuleggja skólann 2023 og þakka ég kærlega þessu samnefndarfólki og framkvæmdarstjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskólinn var haldinn að Reykjum sumarið 2022 og boðið var upp á fjögur námskeið:

1. **Leiklist I** – kennari Ólafur Ásgeirsson.
2. **Leikstjórn II** – kennari Jenný Lára Arnórsdóttir, sem kenndi hjá okkur í fyrsta sinn.
3. **Hvernig segjum við sögu? - sérnámskeið fyrir leikara** - kennari Ágústa Skúladóttir.

Nemendur voru alls 40 og benti viðhorfskönnun almennt til mikillar ánægju með skólastarfið. Við erum sérstaklega ánægð með að viðhalda tengslum við þrautreynda kennara en um leið fá nýtt og metnaðarfullt fólk til starfa.

Auk nemenda voru 11 höfundar í heimsókn.

Við skólaslit urðu þau tíðindi að Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir létu af störfum sem skólastýrur eftir 15 ára starf, en þær hafa stýrt skólanum á öllum þeim þremur stöðum þar sem skólinn hefur verið haldinn. Fyrir hönd skólanefndar og nemenda skólans viljum við þakka þeim fyrir einstaklega fagmannlegt, farsælt og ánægulegt starf öll þessi ár. Við sama tækifæri voru ný skólastýri kynnt til starfa, Jónheiður Ísleifsdóttir og F. Elli Hafliðason.

Einnig voru blikur á lofti hvað varðaði staðsetningu skólans. Hjónin Karl Örvarsson og Halldóra Árnadóttir sem höfðu verið gestgjafar skólans að Reykjum síðan hann fluttist þangað, voru nú að hætta sínum rekstri og því óvissa um framhaldið að Reykjum. Karl og Halldóra fluttu sig að Laugum í Sælingsdal og buðu skólanum að fylgja sér þangað. Í nóvember fór skólanefndin í vettvangsferð að Laugum og leist að mörgu leiti vel á aðstæður, þó með þeim fyrirvara að margt þyrfti að bæta áður en nemendur

mættu á svæðið og ýmsum spurningum enn ósvarað. Ákveðið var þó ræða einnig við UMFÍ sem tekið hafði við rekstri skólabúðanna að Reykjum og sýnt Bandalagsskólanum áhuga.

Á endanum urðu Karl og Halldóra að gefa það frá sér að taka á móti okkur en að sama skapi tók UMFÍ okkur opnum örmum að Reykjum og líst okkur vel á samstarfið við staðarhaldara. Skólastjórar fóru í vettvangsferð að Reykjum fyrir tveimur vikum og þar hefur ungmennafélagið hafið endurbætur á ýmsu sem var komið til ára sinna og hyggur á frekari úrbætur á aðstöðunni.

Árið 2023 er skólinn ráðgerður frá 17.-25. júní. Boðið er upp á þrjú námskeið:

1. **Leiklist II** - kennari Árni Pétur Guðjónsson. Skráðir eru 16 nemendur
2. **Leikstjórn III** - Kennari Jenný Lára Arnórsdóttir. Skráðir eru 8 nemendur
3. **Sérnámskeið - leikarinn sem sögumaður / hljóðfæri** - kennari Björn Ingi Hilmarsson sem er að kenna hjá okkur í fyrsta skipti. Skráðir eru 10 nemendur.

Þá er höfundum boðið í heimsókn og hafa alls 12 höfundar sótt um.

Við erum afar þakklát fyrir áhugann á skólastarfinu og spennt fyrir samstarfi við nýjan kennara og þá sem hafa verið með okkur áður. Hlökkum mikið til að njóta þess skemmtilega og skapandi starfs sem alltaf hefur einkennt skólann okkar.

Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!